

Alþingi
Erindi nr. P 127/143
komudagur 16.11.2001

From: Bogason, Bernhard [mailto:bernhard@kpmg.is]
Sent: 14. nóvember 2001 21:53
To: Vilhjálmur Egilsson
Cc: 'gudjon@sbv.is'
Subject: Skattalagabreytingar

Sæll Vilhjálmur

Það var eitt tæknilegt atriði varðandi fyrirhugaðar lagabreytingar sem ekki hefur mikið verið minnst á en skiptir þó nokkru máli í sambandi við framkvæmd. Ég var búinn að ræða þetta aðeins við Guðjón Rúnars og sendi honum afrit af þessum pósti.

Í ákvæðinu sem heimilar yfirfærslu einstaklingsrekstrar til einkahlutafélags þ.e. 27. gr. frumvarpsins sem á að verða 57. gr. C segir m.a.:

Tilkynningu til hlutafélagaskrár um stofnun félagsins skal auk þeirra upplýsinga sem krafist er samkvæmt lögum um einkahlutafélög fylgja **stofnefnahagsreikningur** endurskoðaður af endurskoðanda eða skoðunarmanni

Við teljum að það geti verið vandkvæðum bundið að hafa stofnefnahagsreikninginn fyrirleggjandi á þessum tímapunkti. Það kemur a.m.k. í veg fyrir að hægt sé að skera að öllu leyti á einstaklingsreksturinn áður en félagið tekur við.

Dæmi: A vill færa rekstur sinn inn til einkahlutafélags m.v. 1. janúar 2002. Hann stofnar félagið 1. janúar en þar sem hann er ekki tilbúinn með uppgjörð sitt þá liggur endurskoðaður stofnefnahagsreikningur ekki fyrir. A hefur að vísu tvo mánuði til að skila stofngögnum inn til hlutafélagaskrár sbr. 9. gr. laga um einkahlutafélög en á þeim tíma myndi kennitala A sjálfs vera tilgreind í vsk skrá - launagreiðendaskrá o.fl. þar sem félagið fær ekki kennitölu. Ef einstaklingsreksturinn hefur verið rekinn á kennitölu einstaklingsins verður hún ekki notuð á einkahlutafélagið. Tæknilega er þetta framkvæmanlegt og er gert með þessum hætti þegar um samruna og skiptingar tveggja eða fleiri félaga er að ræða. Hins vegar skapar þetta aukavinnu fyrir viðkomandi aðila og skattkerfið. Þetta skilyrði er að mínu viti algjör óþarfi fyrir yfirvöld.

Ég tel að það mætti ná því sama fram með því að:

- sendas stofnefnahagsreikningurinn inn til hlutafélagaskrár eigi síðar en 6 mánuðum frá stofnun félagsins
- að látið verði við það sitja að stofnefnahagsreikningurinn sé sendur ársreikningaskrá sem RSK heldur eða bæði a) og b)

Stofnefnahagsreikningurinn fylgir svo auðvitað framtali einstaklingsins eins og vera ber og fyrsta framtali félagsins eins og kveðið er á um í frumvarpinu. Ég vil einnig benda á að almennt er ekki þörf á að senda stofnefnahagsreikning inn til hlutafélagaskrár þegar einstaklingsrekstur er yfirtekinn og ég tel að það þjóni litlum tilgangi í skattalegu tilliti að krefjast þessa í fyrirhugaðri lagagrein.

Kveðja

Bernhard Bogason

KPMG
Bernhard Bogason
Lögfræðingur / Lawyer
Vegmúla 3
IS-108 Reykjavík